

vilja að brjóstum hinnar sönnu kaþólsku kirkju í Róm, en enginn, sem fyrir utan hana stendur, getur hólpinn orðið“.

Þannig mælti Ítalinn, en lútherskur prestur, sem var viðstaddur, gerðist mjög litverpur og mælti:

„Hversu vogar þú að segja að þeir einir, er fylgja kirkju þinni, verði hólpnir. Þeir einir verða hólpnir, er þjóna guði í anda og sannleika samkvæmt heilagri ritningu og kenningu Jesú Krists“.

Tyrkneskur tollþjónn, er hlustað hafði á samtalið, sneri sér þá að þeim, sem talað hafði, með miklum herramannssvip og sagði:

„Þið trúið ykkar rómversku trú árangurslaust. Tólfhundrað árum áður en hún var til, var stofnsett hin sanna trú, Mohameds-trúin. Sú trú heldur áfram að útbreiðast bæði í Evrópu og Asíu, jafnvel út til Kína. Þér segið sjálfir að guð hafi útskýfað Gyðingum, og því til sönnunar segið þér, að Gyðingabjóðin sé niðurlægð og trú þeirra útbreiðist ekki. Takið því Mohamedstrú, því hún ríkir og útbreiðist. Engin verður hólpinn utan hann fylgi Mohamed, þeim síðasta og rétta spámanni guðs, og það þeir sem fylgja Omer, en ekki Ali, því sá síðari er falsspámaður“.

Þessu ætlaði persneski guðfræðingurinn, er var af flokki Ala að fara að svara, en þá var orðin háreysti svo mikil á meðal þeirra, er samankomnir voru, því þeir voru menn af öllum trúflokklum, að hann mátti ekki mæla. Abyssíniumenn, kristnir, Lamar frá Tibet, Islamítar, eldsdýrkendur, fóru allir að þræta um tilveru guðs og hvern ætti að dýrka. Allir héldu því fram, að í sínu eigin landi þekktist sá eini sanni guð, og að eins þar væri hann réttilega dýrkaður.

Allir þrættu og kölluðu og orguðu hver í kapp við annan, utan Kínverji einn, lærisveinn Konfúsíusar, er sat þar út í horni og var að sötra te og hlustaði á, en gaf sig ekki að samtalinu.

Tyrkinn tók eftir þessu og segir: „Þú samþykkir víst það sem eg segi, minn góði Kínverji. Þú talar ekkert, en ef þú segðir eitthvað myndurðu halda fram mínu máli. Kaupmenn úr þínu landi, sem hingað koma, hafa sagt, mér að af öllum